

STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTAR- FÉLAGS ÍSLANDS 2022-2023





Ljósmyndir í skýrslu:
Elisabeth Bernard
Jón Ásgeir Jónsson
Ragnhildur Freysteinsdóttir
Þórveig Jóhannsdóttir

EFNISYFIRLIT

5 INNGANGUR

7 LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

9 ÚTGÁFUMÁL

9 SKÓGRÆKTARRITID

9 LAUFBLAÐID

9 ÖNNUR ÚTGÁFA

9 FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

10 HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR

11 FRÆÐSLUSTARF

12 FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

12 AÐALFUNDUR 2022

15 FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR

15 GRÆNI STÍGURINN

16 SKÓGRÆKTARSVÆÐI

16 BRYNJUDALUR

16 ÚLFLJÓTSVATN

17 UMSJÓN

17 KOLVIÐUR

17 LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

18 LANDGRÆÐSLUSKÓGAR

18 LÍF Í LUNDI

18 OPINN SKÓGUR

19 YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS

19 TRÉ ÁRSINS 2023

19 SJÁLFBÓÐALIÐAR

20 ERLEND SAMSKIPTI

20 FRÆÐSLUFERÐIR

20 EUROPEAN FOREST NETWORK

21 ÝMIS VERKEFNI

21 LOFTSLAGSRÁÐ

21 RÓTARSKOT

21 SKÓGARFÓLKIÐ

22 UMSAGNIR

23 SAMSTARFSVERKEFNI

23 SKÓGRÆKTARSKÁTAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

23 LANDSVIRKJUN

23 66°N

25 ÞAKKIR

Brynjólfur, Þórveig, Jón Ásgeir og Hrefna ræða
málin í Steinadal.



Starfsfólk félagsins í heimsókn til skógræktarféлага á Austurlandi haustið
2022.

INNGANGUR

Skógræktarfélag Íslands er landssamband skógræktarfélaganna í landinu og er markmið þess, samkvæmt lögum þess, að vera málsvári skógræktarfélaganna og gæta hagsmuna þeirra, vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu og stuðla að hvers konar umhverfisbótum. Það gerir það með því að auka áhuga almennings, hvetja til landbóta og varðveislu skógar og hafa áhrif á viðhorf, lög og reglur um skógrækt. Áratuga starf skógræktarféлага hefur skapað nýja vídd í náttúru landsins og er full þörf á fleiri almenningsskógum til hagsbóta fyrir bættu lýðheilsu, útivist og afþreyingu landsmanna. Uppbygging skógarauðlindarinnar með eflingu vistþjónustu skóga og sjálfbærri nýtingu gróðurs landsins er sem fyrr eitt helsta verkefni skógræktarféлага. Mikilvægt er að efla félagsauð, virkja ungt fólk, komandi kynslóðir og styrkja skógræktarhreyfinguna til athafna.

Starfsárið 2022-2023 mótaðist nokkuð af því að samfélagið var að koma undan takmörkunum vegna Covid-19 og nokkur eftirvænting eftir því að geta loksins haft hina ýmsu viðburði með hefðbundnu sniði. Var aðalfundurinn 2022 í Mosfellsbæ t.d. sá fyrsti frá aðalfundinum 2019 sem haldinn var með hefðbundnu sniði, þeim sem þátt tóku í honum til mikillar gleði.

Félagið kom að venju að ýmsum verkefnum tengdum skógrækt og ræktun og vega þar þyngst reglubundin verkefni félagsins, eins og umsjón með Landgræðsluskógum, Kolviði og Yrkju og útgáfa. Ýmis verkefni berast svo á borð félagsins - sum lítil og fljótafgreidd, önnur til eitthvað lengri tíma - og einnig verða til hugmyndir að nýjum verkefnum innanbúðar. Í eftirfarandi skýrslu verður farið yfir það helsta sem félagið hefur komið að frá síðasta aðalfundi.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Á aðalfundinum 2022 voru endurkjörnir í stjórn Páll Ingbór Kristinsson, Skógræktarfélagi A-Húnvetninga og Aðalsteinn Sigurgeirsson, Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Í varastjórn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir og Björn Traustason. Í stjórn Landgræðslusjóðs var endurkosin Lýdía Rafnsdóttir og sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.


Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Jónatan Garðarsson formaður, Þuríður Yngvadóttir varaformaður, Jens B. Baldursson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari og Berglind Ásgeirsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir og Páll Ingbór Kristinsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt tólf fundi á tímabilinu.

Hjá félaginu störfuðu átta fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Örn

Jónsson garðyrkjufræðingur, Elisabeth Bernard mannfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur, Narfi Hjartarson skógfræðinemi, Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur og Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur.

Ýmsir aðilar komu að margvíslegum stökum verkum, meðal annars Hörður Helgi Hreiðarsson, Karol Krzysik og Ewa Oldakowska er unnu við jólatrjáahögg. Elena Alcalá Sánchez vann grafíska vinnu fyrir Líf í lundi. Þá vann Bernhard Jóhannesson að viðhaldsverkefnum í Opnum skógum.

Stjórn og starfsmenn félagsins leitast eftir megni að styðja við starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum, eftir því sem óskað er.



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2022	2021
Rekstrarreikningur	kr.	kr.
Rekstrartekjur	70.533.883	51.839.340
Rekstrargjöld	67.268.850	47.940.470
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	3.265.033	3.898.870
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.803.662)	(1.231.410)
Hagnaður (tap) ársins	1.461.371	2.667.460
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	210.941.373	206.329.742
Veltufjármunir	22.280.986	19.191.746
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	179.474.653	178.013.282
Skuldir samtals	53.847.707	47.608.207
Eigið fé og skuldir samtals	233.322.360	225.621.488
Eignir í bundnum sjóðum	35.829.137	38.547.659



Tré ársins 2022. Hæsta
tré Íslands.

ÚTGÁFUMÁL

SKÓGRÆKTARRITIÐ

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2022 kom út í desember 2022 og 1. tbl. 2023 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú rúmlega 1.600.

LAUFBLAÐIÐ

Á tímabilinu komu út tvö tölublöð Laufblaðsins, í desember 2022 og mars 2023. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang.

ÖNNUR ÚTGÁFA

Bókin „Frændur fagna skógi“ var prentuð í Noregi í ágústmánuði. Lauk þar með áralangri vinnu og samstarfi við frændur okkar og vini í Noregi um gerð bókarinnar. Gerð verður nánari grein fyrir útgáfu og innihaldi bókarinnar í sérstökum dagskrárlíð á Aðalfundinum á Patreksfirði. Þá verður einnig fyrsta eintak bókarinnar afhent forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni.



FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Félagsskírteini skógræktarfélaganna er nú gefið út rafrænt, með kerfi Smart Solutions, og er geymt í síma. Var það fyrst gefið út á þessu formi vorið 2022 og var því um fyrstu endurnýjun skírteinis að ræða í byrjun árs 2023. Rafrænt skírteini er gilt þar til það er afmerkt í kerfinu, þ.e. félagar með virk skírteini þurfa ekki að sækja það á hverju ári, því að um leið og það er uppfært í kerfinu uppfærast það hjá notendum (sjálfkrafa þegar það er opnað í Android-síma, Iphone-notendur þurfa að velja uppfærslu).

Að þessu sinni veittu fjórtán fyrirtæki félagsmönnum tilboð gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: 66°N, Blómahornið, Blómaval, Flóra garðyrkjustöð, Garðheimar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG verslun, Náttthagi garðplöntustöð, Ræktunarstöðin Lágafelli, Sólskógar og Vorverk. Eru þeim fyrirtækjum færðar þakkir fyrir velviljann.

HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR

Heimasíða félagsins er www.skog.is, þar sem finna má upplýsingar um félagið og aðildarfélög þess, auk þess sem birtar eru fréttir úr starfinu og skógræktargeiranum. Grunnupplýsingar um félagið eru einnig á ensku, frönsku og pólsku á heimasíðunni.

Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er rúmlega 4.400.

Félagið er með Facebook síðu, auk Facebook síðna fyrir Skógræktarritið og Líf í

lundi. Félagið er einnig með YouTube rás (undir heitinu skograektarfelag), er á Instagram og með Instagram fyrir gistihúsið á Úlfjótssvatni. Félagið er einnig með LinkedIn síðu undir enska heiti félagsins (Icelandic Forestry Association). Einnig heldur félagið utan um vefsíðuna Skógargátt (www.skogargatt.is), þar sem finna má upplýsingar um góða útivistarskóga um land allt.

www.skog.is/

<https://www.facebook.com/skograektarfelag>

<https://www.linkedin.com/company/icelandic-forestry-association>

<https://www.youtube.com/@skograektarfelag>

<https://www.instagram.com/skograektarfelagislands/>

<https://www.instagram.com/ulfoskog/>

<https://www.facebook.com/Skograektarritid>

<https://www.facebook.com/lifilundi>

<https://www.skogargatt.is/>



Líf í lundi í Álfholtsskógi.
Embla móttökustjóri fylgist með tálgukenndu.

FRÆÐSLUSTARF

Félagið sinnti að venju margþættu fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning og skógræktarfélagin. Mikið er leitað til félagsins um upplýsingar í síma, með tölvupóstum og fyrirspurnum í gegnum vefmiðla. Starfsfólks félagsins er einnig í nokkrum samskiptum við flest aðildarfélaga sinna.

Félagið bauð skógræktarfélögum upp á kennslu á Avenza-smáforritið fyrir snjallsíma eins og undanfarin ár, en það má m.a. nota til að skrá útlínur nýgróðursetninga. Þetta er seinasta árið sem félagið býður upp á þetta námskeið. Fyrirhugað er að halda tíu námskeið á árinu og nú þegar hefur meirihluti þeirra verið haldinn. Að auki voru útbúin kort fyrir forritið fyrir nokkur félög í viðbót, þar sem félagar voru tilbúnir að spreyta sig sjálfir á forritinu.

Félagar í Skógræktarfélagi
Dýrafjarðar nýta veðurblíðuna
til að æfa sig í notkun Avenza-
smáforritsins.

Starfsfólk 66°N fær sér hressingu
að lokinni gróðursetningu í svæði
fyrirtækisins á Úlfljótssvatni.



FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

AÐALFUNDUR 2022

Aðalfundur félagsins var haldinn með hefðbundnu sniði í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022 og var Skógræktarfélag Mosfellsbæjar gestgjafi fundarins. Nánar má lesa um fundinn í seinna tölublaði Skógræktarritsins 2022 og á heimasíðu félagsins (<https://www.skog.is/adalfundur-2022/>).

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti fundurinn tíu ályktanir. Þeim hefur verið fylgt eftir sem hér segir:

Ályktun 1: Græni stígurinn ofan höfuðborgarsvæðisins

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2. – 4. september 2022, hvetur sveitarfélög, SSH-Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Innviðaráðuneytið til að hrinda í framkvæmd gerð Græna stígsins ofan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við skógræktarfélög á svæðinu. Græni stígurinn þarf að fara inn í viðræður sem hafnar eru milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til til ársins 2033.

Skógræktarfélag Íslands og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins boðuðu til

fræðslu- og kynningarfundar um Græna stíginn og var fundurinn haldinn í fundarsal Arion banka í Reykjavík föstudaginn 3. mars. Sjá nánar kafla um Græna stíginn síðar í skýrslu.

Ályktun 2: Um sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, skorar á ráðherra landbúnaðar- og skógræktarmála að ganga varlega fram í úrvinnslu hugmyndar um sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Skógræktarfélag Íslands óskar eftir því að félagið fái að leggja mat á álit starfshóps um hugsanlega sameiningu áður en til ákvarðana kemur, í samræmi við ákvæði Árórsarsamningsins um þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda.

Ályktunin var send á Matvælaráðuneytið, Svandísi Svavarsdóttur ráðherra og jafnframt á Forsætisráðuneytið og Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra.

Ályktun 3: Sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn



Aðalfundargestir 2022 í Vinaskógi á Þingvöllum.

í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, skorar á sveitarstjórnir landsins að vinna að skipulagsáætlunum í takt við stefnu stjórnvalda um skógrækt á landsvísu og eru sveitarfélög hvött til að koma sér upp skilvirkum verkferlum og forðast óþarfa tafir og kostnað við afgreiðslu framkvæmdaleyfa vegna skógræktar.

Ályktunin var send á Innviðaráðuneytið, Sigurð Inga Jóhannsson ráðherra, Samband íslenskra sveitarfélaga og öll sveitarfélög á landinu.

Ályktun 4: Skógræktarritið

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, beinir því til stjórnar og starfsmanna Skógræktarfélags Íslands að huga að auknu rafrænu aðgengi Skógræktarritsins.

Starfsmenn félagsins hafa skoðað hentugustu leiðir í þessu sambandi. Biðtími þess efnis sem birt er á vefnum hefur verið stytur úr fimm árum í þrjú. Einnig hefur rafræn áskrift verið skoðuð og er ekki einfalt mál þar sem hægt er að fara margar leiðir í því sambandi. Hafa ber í huga að hér er um töluverða fjárhagslega hagsmuni að ræða, áskrifendahópur í eldri kantinum og einnig mikilvægt að hrópera ekki með þeim hætti að auglýsendur eða styrktaraðilar hrökkvi frá.

Ályktun 5: Um herferð gegn skógrækt

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, fordæmir þá herferð sem rekin hefur verið í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum að undanförnu og beinist gegn skógrækt og íslensku skógræktarfólki. Með herferðinni er reynt að varpa rýrð á það metnaðarfulla og árangursríka starf sem unnið hefur verið að í skóglausasta landi Evrópu og sjöunda skógfátækasta ríki heims, þar sem náttúruskógar vaxa aðeins á 1,5% landsins og ræktaðir skógar á einungis 0,5% af flatarmáli landsins. Skógræðsla (ræktun nýrra skóga) er árangurríkasta vopnið í baráttunni gegn gróður- og jarðvegseyðingu og jafnframt ein hagkvæmasta aðferðin til þess að draga úr uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands svarar kalli um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Félögin eru boðin og búin



Landgræðsluskógaþlöntur frá Öl bíða dreifingar til skógræktarfélaganna.

til að leggja sitt af mörkum og fagna hverskonar samstarfi við ríki, sveitarfélög, skógarþlöntuframleiðendur, fyrirtæki og félagasamtök og alla þá sem vilja efla skógrækt, landgræðslu og kolefnisbindingu í landinu.

Jafnframt hvetur fundurinn til þess að skógargeirinn (skógræktarfélagin, Skógræktin, skógarbændafélögin) leiti leiða til þess að snúa vörn í sókn og efni til ráðstefnu sem allra fyrst um framtíðarskipulag skógræktar á Íslandi.

Félagið sendi frá sér ályktun 22. maí 2023 með fyrirsögninni *Betra Ísland - og grænna*. Ályktunin var senda á alla fjölmiðla og öll sveitarfélög auk þess sem hún var birt á heimasíðu félagsins.

Ályktun 6: Hvatningarverðlaun skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, beinir þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélags

Íslands að á aðalfundum félagsins verði árlega veitt sérstök hvatningaverðlaun til einstaklinga eða hópa sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi.

Sett var saman sérstök nefnd með fulltrúum frá Skógræktinni og Landssamtökum skógareigenda. Í nefndinni sitja Ragnhildur Freysteinsdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir og Hlynur Gauti Sigurðsson. Nefndin hefur mótað hugmyndir að útfærslu á þessu og er fyrirhugað að afhenda fyrstu verðlaunin á Alþjóðlegum degi skóga þann 21. mars 2024.

Ályktun 7: Skjólbelti við vegi

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, skorar á Vegagerðina, í samvinnu við landeigendur, að planta skjólbeltum þar sem þörf er á meðfram þjóðvegum, þar sem hætta er á snörpum vindkviðum, skafrenningi og snjósöfnun. Við slíkar aðstæður getur skapast mikil slyshætta og umferðartafir, auk mikils kostnaðar við snjómokstur. Mikilvægt er að vanda vel til tegundavals og gera langtíma áætlun um ræktun skjólbelta meðfram þjóðvegum og öðrum fjölförnum vegum og setja slíkt verkefni í gang nú þegar.



Sent á Innviðaráðuneytið, Vegagerðina, forsætisráðherra og fjármálaráðherra.

Ályktun 8: Um varnir gegn birkikembu og birkipélu

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, skorar á Skógræktina, í samvinnu við Matvælastofnun og Umhverfisstofnun, að gera gangskör að því að bregðast við innfluttum evrópskum skaðvöldum, skordýrunum birkikembu og birkipélu, sem nú valda stórfelldum skaða á íslensku birki. Þetta verði gert með lífrænum vörnum, þ.e. með innflutningi vesputegunda sem í Evrópu gera það að verkum að þessi skordýr valda hvergi þeim skaða sem blasir við hérlendis. Rétt er að endurskoða gróðursetningu á birki í landinu þar til þessu takmarki er náð.

Sent á Skógræktina, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Unnið er markvisst að málinu samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Skógræktinni.

Ályktun 9: Gróðrarstöðvar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ 2. – 4. september 2022, hvetur starfandi gróðrarstöðvar og þá aðila sem vinna að stofnsetningu nýrra gróðrarstöðva til að auka framleiðslu á skógarplöntum í landinu svo nægilegt framboð á plöntum til skógræktar verði tryggt á komandi árum.

Erindið sent á Félag garðplöntuframleiðenda og starfandi gróðrarstöðvar.

Ályktun 10: Landsáætlun í skógrækt

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2. – 4. september 2022, hvetur Matvælaráðuneytið til að endurskoða sameinaða tillögu að landsáætlun í landgræðslu og skógrækt. Samkvæmt skógræktarlögum (skv. 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019) skal landsáætlun í skógrækt vera í gildi.

Erindið var sent á Matvælaráðuneytið, Svandísi Svavarsdóttur ráðherra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Jón Ásgeir að mæla hæð trjáa.

FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR

Skógræktarfélag Íslands hefur verið formlegur þátttakandi í Fagraðstefnu skógræktar. Ráðstefnan 2023 fór fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 29. - 30. mars og var þema hennar að þessu sinni *Skógrækt á tímum hamfarahlýnunar*.

GRÆNI STÍGURINN

Skógræktarfélag Íslands og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins boðuðu til fræðslu- og kynningarfundar um Græna stíginn og var fundurinn haldinn í fundarsal Arion banka í Reykjavík föstudaginn 3. mars. Fræðslufundurinn tókst vel, en á annað hundrað manns mættu í fundarsalinn, auk þess sem tugir fylgdust með fundinum í fjarfundi. Unnið er að endanlegri legu stígsins á vegum svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.



Skógrækt í kringum snjóflóðavarnir skoðuð á Fagraðstefnu skógræktar 2023.

Pallborðsumræður fulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á fundi um Græna stíginn.



SKÓGRÆKTARSVÆÐI

BRYNJDALUR

Jólavertíð var með hefðbundnu sniði. Alls seldi félagið 640 jólatré úr Brynjudal, þar af 181 til starfsmanna fyrirtækja og annarra sem koma í jólaskóginn til að fella sjálf sín jólatré. Að auki seldi félagið tæplega 1.345 jólatré sem felld voru annars staðar.

Farið var í þó nokkra umhirðu í skóginum þar sem m.a. tveir furureitir voru skermfelldir, farið í uppkvistun, bætt við bekkjum og lækur brúaður.

Elisabeth undirbýr móttöku hópa í jólaskóginum í Brynjudal.

ÚLFLJÓTSVATN

Stjórn Úlfljótswatns sf. skipa Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Skátasambandi Reykjavíkur og Sævar Skaptason frá Bandalagi íslenskra skáta. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Sævar ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið.

Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfljótswatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Tekjur Úlfljótswatns sf. eru af veiðirétti Úlfljótswatns við fyrirtækið Veiðikortið ehf. en auk þess leigusamkomulag við fyrirtækið Mílu og Vodafone vegna afnota af landi undir fjarskiptamastur á Úlfljótswatnsfjalli.

Haldnir voru þrír stjórnarfundir á árinu. Megin verkefni á árinu hefur verið undirbúningur að skipulagi og leyfisveitingu fyrir 40 ha sumarhúsasvæði á jörðinni. Gert er ráð fyrir að þar rísi um 40-45 bústaðir og verður um leiguland að ræða. Samið hefur verið við Landmótun ehf. um deiliskipulag svæðisins og er gert ráð fyrir að því verði lokið í desember á þessu ári. Svæðið verður auglýst til leigu á næsta ári og uppbygging hefst í kjölfarið. Tilgangurinn er m.a. að styrkja fjárhags – og rekstarstöðu skátahreyfingarinnar og



Skógræktarfélags Íslands. Heildartekjur félagsins á síðast liðnu ári voru 1,4 milljónir kr. og rekstrargjöld tæplega 1,4 milljón kr. Handbært fé í sjóði er samtals 6,7 milljónir króna. Endurbættur var vegur og útbúið bílastæði við svæði 66°N.

Árið 2022 var áfram unnið að gróðursetningu í svæði vestan við Háafell. Á því ári var búið að gróðursetja í heildina 734 þúsund trjáplöntur frá því að SÍ byrjaði að gróðursetja í land jarðarinnar í samstarfi við Kolvið. Gera má ráð fyrir að yfir 1 milljón plöntur verði komnar í jörð á svæði félagsins innan fimm ára. Unnið hefur verið að grisjun og uppkvistun eldri skógar og viðhaldi stíga af sjálfbóðaliðum félagsins og í samstarfi við skátahreyfinguna og Skógræktarfélag skáta á Úlfljótswatni (sjá síðar).

Rekstrarleyfi fyrir gististað fékkst fyrir Úlfljótswatnsbæinn og voru herbergi þar til útleigu veturinn 2022-2023 í gegnum AirBnb, eftir að dvalartíma sjálfbóðaliða lauk þar. Rekstur gistiheimilisins gekk vonum framár. Að auki höfðu tveir listamenn/rithöfundar vinnustofudvöl (residency) þar um tíma, sem hluti samstarfs við franska sendiráðið á Íslandi og Alliance Française. Er önnur vinnustofudvöl fyrirhuguð í lok árs 2023.

UMSJÓN

KOLVIÐUR

Góður gangur hefur verið í starfsemi Kolviðar, enda aukist töluvert áhugi almennt á skógrækt til kolefnisbindingar.

Gróðursettar voru 306.974 plöntur árið 2022 og stefnt er að gróðursetningu 388.812 plantna árið 2023. Plöntur í Kolvið 2022 voru framleiddar af Sólskógum ehf. og Garðyrkjustöðinni Kvistabæ, en árið 2023 af Sólskógum ehf. Fyrirtækið Soffía frænka sá um útkeyrslu líkt og áður. Núverandi gróðursetningasvæði eru Úlfljótavatn (Háafell), Ærvíkurhöfði við

Húsavík, Skálholt, Geitasandur-Norður og Reykholt í Borgarfirði.

Unnið hefur verið að vottun á starfsemi Kolviðar samkvæmt ISO 14064-2 staðli og hefur mikill tími farið í það, enda viðamikið ferli. Stefnt er að því að klára það ferli í vetur.

Kolviður leitar stöðugt eftir samningum um ný lönd og þjónustusamningum við skógræktarfélög sem eru tilbúin að taka að sér verkefni samkvæmt verksamningi.

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

Í stjórn Landgræðslusjóðs sitja Þuríður Yngvadóttir, sem er formaður, en auk hennar eru fulltrúar Skógræktarfélags Íslands Jónatan Garðarsson og Lydía Rafnsdóttir. Einnig sitja í stjórn sjóðsins Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í starfsskýrslu og reikningum hans.



Unnið að gróðursetningu í Stykkishólmi.



Unnið að skjólbelti með skátum á Úlfljótavatni.

LANDGRÆÐSLUSKÓGAR

Plöntur í Landgræðsluskóga 2022 voru framleiddar af Sólskógum ehf., Garðyrkjustöðinni Kvistabæ og gróðrarstöðinni Öl. Fyrirtækið Soffía frænka sá um útkeyrslu á landgræðsluskógaplöntum líkt og áður, sem hefur gefist afar vel. Úthlutað var rúmlega 231 þúsund plöntum 2022. Áætluð úthlutun fyrir

2023 er tæplega 450 þúsund plöntur.

Undirritaðir og þinglýstir voru samningar við Skógræktarfélag Þórshafnar og Skógræktarfélag V-Húnavetninga. Nýr samningur við Skógræktarfélagið Ungvið er einnig í ferli.

LÍF Í LUNDI

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var haldinn í sjötta sinn Jónsmessuhelgina og voru alls haldnir tólf fjölbreyttir viðburðir víða um land. Samhliða hefðbundnu viðburðahaldi var efnt til ljósmyndasamkeppni eins og undanfarin tvö ár. Kosið var á Facebook og hlutu efstu þrjú sætin verðlaun í formi gróðursetningarskóflu frá Vorverk og trjáa frá Gróðrarstöðinni Þöll. Sigurvegari keppinnar í ár var Jonas Björk sem tók fallega mynd af vinum í göngutúr á viðburði Skógræktarfélags Eyfirðinga í Leyningshólum.

Líf og fjör á Líf í lundi hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar.



OPINN SKÓGUR

Undirritaður var samstarfssamningur við Nettó varðandi stuðning við verkefnið Opinn skógur og gildir samningur út árið 2024. Frá upphafi verkefnisins árið 2002 hefur ríkið styrkt verkefnið og síðustu árin með um 1 – 1,5 millj. kr. en á þessu ári voru lagðir af verkefnatengdir styrkir á vegum Umhverfiráðuneytisins.

Unnið er að byggingu veglegs útivistarskýlis í Sólbrekum á Suðurnesjum en það er reist eingöngu úr íslenskum viði úr skógum sem koma frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Skógræktarfélagi Árnesinga. Gert er ráð fyrir að byggingunni verði lokið á haustdögum.



Ragnhildur skoðar aðstæður í Opnum skógi í Akurgerði.

YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS

Tæplega 80 skólar sóttu um plöntur til sjóðsins árið 2023. Er það svipaður fjöldi og árið 2022, en heldur færri en verið hafa árin þar á undan og munar þar fyrst og fremst um skóla sem verið hafa í samstarfi við Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs með gróðursetningu. Flestir þeirra skóla voru í Reykjavík og hefur verið rætt við Skógræktarfélag Reykjavíkur um að vera þeim mögulega innan handar. Allir skólar sem sóttu um fengu úthlutað plöntum.

Illa leit út með úthlutun úr sjóðnum í ár vegna lítillar ávöxtunar. Styrkur fékkst frá Arion-banka og Stefni, en Arion-banki (og forverar hans) hafa haldið utan um sjóðinn frá upphafi. Skógræktin úthlutaði sjóðnum einnig birkiplöntum til úthlutunar, auk þess að aðstoða við dreifingu plantna til skóla á Norður-, Austur- og Suðurlandi. Eru Skógræktinni færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina og velviljann.

TRÉ ÁRSINS 2023

Tré ársins 2022 var formlega útnefnt þann 12. september og er það sitkagreni (*Picea sitchensis*) á Kirkjubæjarklaustri. Er tréð fyrsta tréð hérlandis frá því fyrir síðustu ísöld til að ná 30 m hæð. Útnefning á Tré ársins 2023 er fyrirhuguð í september. Lambhagi gróðrarstöð styrkir útnefningu Trés ársins.



SJÁLFBODALIÐAR

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár fengið sjálfbodaliða gegnum Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins, European Solidarity Corps. Félagið tók í sumar í áttunda sinn á móti erlendum sjálfbodaliðum, sem unnið hafa í skógum félagsins og aðildarféлага þess. Í ár voru átta pláss í boði, í stað fimm eins og undanfarin ár, fyrir fimm mánaða tímabil. Hafa alls ellefu sjálfbodaliðar komið og voru þau í ár frá Ítalíu, Indlandi, Austurríki, Póllandi og Spáni.

Hafa þau, auk vinnu fyrir félagið, unnið hjá skógræktarfélögum í Ólafsvík, Hellissandi, Stykkishólmi, Akranesi og Tálknafirði, auk þess sem fyrirhugaðar eru vinnuferðir til Reyðarfjarðar.

Jafnframt tók Skógræktarfélag Íslands á móti tveimur spænskum skógtækninum í starfsnám í mars og apríl. Nemarnir dvöldu á Úlfjótavatni og sinntu fjölbreyttum verkefnum þar sem og í Brynjudal og á Geitasandi.

Hluti evrópsku sjálfbodaliðanna í góðum gír.



ERLEND SAMSKIPTI

Skógræktarfélag Íslands fær reglulega fyrirspurnir erlendis frá um félagið og hafa starfsmenn svarað þeim eftir bestu getu.

Félagið tók á móti gestum frá Stream-Link Education í Bandaríkjunum sem tóku viðtöl við starfsfólk á Úlfliótsvatni fyrir heimildamynd um endurheimt skóga og jarðvegsvernd.

FRÆÐSLUFERÐIR

Skógræktarfélag Íslands hefur í nær tvo áratugi skipulagt eina fræðsluferð á ári á erlenda grundu. Farið var til Marokkó í október 2022. Upphaflega stóð til að fara í þá ferð haustið 2020, en henni var tvívegis frestað vegna Covid-19. Var ferðin hin fróðlegasta og tókst í alla staði vel.

Fyrirhuguð er fræðsluferð til Króatíu dagana 23. september til 1. október 2023.

EUROPEAN FOREST NETWORK

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarféлага í Evrópu. Fundur samtakanna var haldinn á Íslandi dagana 15. - 18. september 2022 og var yfirskrift fundarins *Forestry in a changing climate*. Alls mættu á fundinn fjórtán fulltrúar frá sex löndum og voru það Pólland, Svíþjóð, Austurríki, Króatía, Skotland og Lettland. Auk kynninga frá fulltrúum hvers lands og umræðum var haldið í vettvangsferð þar sem farið var á Þingvelli, að Úlfliótsvatni og Skógræktarfélag Árnesinga heimsótt á Snæfoksstöðum. Einnig var Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá heimsótt.

Næsti fundur samtakanna er fyrirhugaður í Króatíu dagana 21. - 24. september. Ragnhildur Freysteinsdóttir mun sitja fundinn fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands.

Fulltrúar evrópskra skógræktarféлага skoða skóga og timburgæði í heimsókn til Skógræktarfélags Árnesinga.



Marokkófarar skoða sedrusskóg.



ÝMIS VERKEFNI

Auk reglubundinna verkefna hefur Skógræktarfélag Íslands sinnt ýmsum smærri, tilfallandi eða tímabundnum verkefnum.

LOFTSLAGSRÁÐ

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með markvissri ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi. Ragnhildur Freysteinsdóttir hefur verið annar tveggja fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í ráðinu. Skipunartími núverandi ráðs rennur út í september.



Starfsfólk félagsins situr aðalfund endurvakins Skógræktarfélags Önundarfjarðar.

RÓTARSKOT

Fyrir áramótin voru Rótarskot – gróðursetning eins trés – til sölu hjá björgunarsveitum um land allt. Alls seldust um 700 Rótarskot og fyrirhugað er að gróðursetja þær trjáplöntur núna í haust.

SKÓGARFÓLKID

Skógarfólkið verkefnið lýtur að því að aðstoða skógræktarfélögin til að virkja félagsmenn sína. Hefur það m.a. verið gert með fjárstuðningi til viðburða, skipulagningu funda til að styrkja samtal og samstarf félaga á svæðisgrunni og samstarfi við margvíslega aðila, innan menningar-, félags- og náttúrugeira. Sérstök áhersla hefur verið á félög á Norðurlandi og Vestfjörðum, auk samvinnu við skátahreyfinguna á Suðurlandi. Árangur verkefnis er áfram jákvæður og gefur góð fyrirheit.

Hraustir félagar í yngsta skógræktarfélaginu, Skógræktarfélaginu Ungviði, í Brynjudal, en þar hafa þau ræktunarsvæði.



UMSAGNIR

Skógræktarfélag Íslands sendi í maí 2023, ásamt Skógræktarfélagi Breiðdæla, Eskifjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Neskaupstaðar, Reyðarfjarðar og Skógræktarfélaginu Nýgræðingi, athugasemdir til Fjarðabyggðar vegna tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar, þar sem fyrirhugað var að færa almenna heimild fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum niður í 50 ha í stað 200 ha.

Félagið sendi einnig í maí 2023 ályktun til allra sveitarfélaga landsins undir fyrirsögninni Betra Ísland - og grænna, þar sem varað var við neikvæðum málflutningi andstæðinga skógræktar og boðnar fram upplýsingar og samstarf um skipulagða skógrækt.

Félagið sendi einnig í maí 2023 erindi til allra sveitarfélaga landsins, sem svar við bréfi frá samtökunum Vinir Íslenskrar náttúru, sem sent hafði verið mánuðinn áður til sveitarfélaga.



Brynjólfur skoðar skóglendi austanlands.



Narfi vinnur að grisjun á Úlfljótsvatni.

SAMSTARFSVERKEFNI

SKÓGRÆKTARSKÁTAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

Skógræktarfélag Íslands og skátahreyfingin, í samstarfi við Skógræktarfélag skáta á Úlfljótssvatni, hafa eftir samstarf sitt til að vekja athygli á mikilvægi skóga meðal ungmenna innan skátahreyfingarinnar. Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands aðstoðaði Skógræktarfélag skáta við hönnun og gerð nýs skjólbeltis og leiðbeindi ungum, glöðum og kappsömum skátum við gróðursetningu þess í júní.

Einnig var tekið á móti skátahópi frá Frakklandi sem dvaldi hérlandis í þrjár vikur og vann að gerð og viðhaldi innviða í skóginum á Úlfljótssvatni - lögðu stíg, gerðu brú og eldstæði, grisjuðu, uppkvistuðu og gróðursettu í uppvoxandi trjásafni.

Franskir skátar glaðbeittir að störfum á Úlfljótssvatni.



LANDSVIRKJUN

Samningur er í gildi við Landsvirkjun um utanumhald með landgræðsluskógaverkefni við Búrfell og Bjarnarlón. Gróðursett voru tæplega 8.400 ilmbirki við Bjarnarlón en fulltrúi félagsins heldur utan um framkvæmdir við Bjarnarlón samkvæmt samningnum.

66°N

Starfsfólk 66°N kom á Úlfljótssvatn og gróðursetti í svæði fyrirtækisins, rúmlega 900 hengibjarkir haustið 2022 og rúmlega þúsund alaskaaspir í vor.

SKÓGARMATUR

Skógræktarfélag Íslands hefur unnið að nýju verkefni um möguleika söfnunar og vinnslu matvæla úr skógum í samvinnu við Matís, með stuðningi Skógræktarinnar, Bændasamtaka Íslands og Slow Food Reykjavík.



Rannís tekur upp viðtal við Einar um sjálfbærni- og matavæðingaverkefni félagsins.



Jólatrjáaavertíðin í fullum gangi.



Hrefna og Ásmundur, formaður Skógræktarfélags Reyðarfjarðar, safna fræi í Hallormsstaðaskógi í heimsókn til skógræktarféлага á Austurlandi.

ÞAKKIR

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlandis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega nefna Skógræktina, Landgræðsluna, Landssamtök skógareigenda, skátahreyfinguna, Landsbjörgu, Matvæla-ráðuneytið og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna 66°N, Arion banka, Eimskip, Lambhaga, Nettó og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Reykjavík, ágúst 2023

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands



Jónatan Garðarsson formaður

